BYGGINGARLÝSING
Dalsmári 13 Kópavogi, Tennishöllin: Matshluti 03
Landnúmer: L174786
Staðfanganúmer: STF1087928

Almennt
Óskað er eftir að byggja íþróttahús við Dalsmára 13. Í byggingunni er ný aðkoma inní núverandi Tennishöll / þjónustubyggingu á 2.hæð (aðkomuhæð) ásamt sex nýjum padelvöllum og setsvæði á 1.hæð.

Notkun eignarinnar
Byggingin er íþróttahús og mun hýsa sex nýja padelvelli ásamt félags-/setaðstöðu fyrir tennis- og padelspilara í Tennishöllinni. Á aðkomuhæð byggingar (2.hæð) verður komið fyrir nýjum inngang í Tennishöllina og verður núverandi brú glerskýld. Salur með padelvöllum er 46,51x35,55 m að innanmáli. Hver völlur er 20,3x10,6m.
Við vesturhlið íþróttasalar er setsvæði fyrir spilara.

Fjöldi hæða
Byggingin er á tveimur hæðum og skiptist í aðkomu (efri hæð) og íþróttasal (neðri hæð).

Áætlaður fjöldi fólks í matshluta 03 - sem nær til padelhallar ásamt tengigangi yfir í eldri tennishöll.
Íþróttahús í notkunarflokki 2 ætluð fyrir padeliðkun. Aðstaða er fyrir 24 spilara, hámarksfjöldi í matshluta 03 er áætlaður undir 100 manns.

Almenn lýsing á burðarkerfi
Þak hússins er byggt upp af stálgrindarbitum sem eru undirstuddir af steyptum- og stálgrindarveggjum. Trapisuplötur úr stáli spanna á milli stálgrindarbita og ofan á þær kemur einangrun, dúkur og torf sem endanlegt yfirborð. Útveggir salarins eru steyptir upp í 3,4m hæð í suður og vestur en 4.3m í austur og norður. Stálsúlur standa ofaná steyptum veggjum og ná þær upp að þakbrúninni. Stálsúlurnar eru klæddar með stálsamlokueiningum, timbri að hluta og gluggakerfi.

Byggingarefni gólf, útveggja og þaks, einangrun, frágangur og efni
Gólf neðri hæðar (íþróttasalur) er staðsteypt og einangrað með plasteinangrun, 100mm, 25kg/m3. Á padelvöllum er gervigras. Í vindfangi er motta og linoleum dúkur. Sökklar eru einangraðir að utanverðu með 100mm steinullareinagrun, 120-135 kg/m3.
Útveggir sem standa ofanjarðar eru berandi samlokueiningar úr harðpressaðri steinull sem klædd er málmplötum báðum megin, að hluta er klætt með timbri utaná samlokueiningar. Útveggir sem standa neðanjarðar eru staðsteyptir, einangraðir með 100mm einangrun, svo sökkuldúkur/takkadúkur. Drenmöl í kringum vegg með drenlögn í botni. Framhlið húss er öll klædd timbri auk skyggnis á vesturhlið og hluta austurhliðar. Einingarnar eru skrúfaðar á undirvirki úr stáli. Hluti af vesturhlið húss og norður er með samlokueiningum sem endanlegu yfirborði en stór hluti af norðurhlið er þakið gleri.
Þak húss er úr stálbitum klætt með berandi trapizuklæðningu. Einangrað með steinullareinangrun 40mm 150kg/m3, rakavarnarlag er sett ofaná + 80mm 130kg/m3 + 40mm 200kg/m3. Ofan á einangrun er settur afrennslisdúkur (Mink system) sem tekur meginhluta regnvatns og veitir í þakniðurföll. Ofan á afrennslisdúk er sett drenlag og síðan torf sem endanlegt yfirborð. Vatnshalli er 1:50 og er gerður með hallandi plötum.

Gerð glugga, hurða og glers
Hurðir og gluggar eru úr áli. Gler er tvöfalt einangrunargler, almennt er glært en sólvarnargler á sólarálagssvæðum. U-gildi kringum 1.2w/m2K, G-gildi á bilinu 35-38%, LG-gildi á bilinu 65-70% og LRútgildi ca. 13%. Glerþykktir mæta kröfum byggingarreglugerðar og staðla sem þar er vísað til. Við val á glergerðum eftir staðsetningu er fylgt (Rb (31). 121.3).

Gerð og hæð handriða innan sem utan
Fallvörn/handrið úr máluðu stáli er á brú í innkomu, hæð 110 cm.

Gerð innveggja, hljóðeinangrun
Innveggir eru steyptir eða eða léttbyggðir úr gipsi á blikkstoðum. Ekki eru gerðar sérstakar kröfur um hljóðeinangrun veggja.

Gerð innihurða, hljóðeinangrun og brunaþol
Innihurðir eru álhurðir með gleri.

Klæðningar innanhúss
Léttar klæðningar, gipsplötur á blikkstoðum, eru í aðkomu byggingar sem aðgreinir inngang frá íþróttasal.
Berandi gataðar trapisuplötur yfir íþróttasal mynda endanlegt yfirborð sem er sígatað og hefur hljóðísogseiginleika.
Veggir í íþróttasal eru að stórum hluta klæddir hljóðísogsdúk.

Lagnir
Forsendur hönnunar
Öll hönnun er í samræmi við og mun uppfylla kröfur byggingarreglugerðar nr. 112/2012.
Við hönnun er miðað við að útihiti verði lægstur -15°C.
Innihiti í íþróttasal miðast við +15°C og innihiti inngangs +22°C.

Hitalagnir
Stofn- og dreifilagnir eru úr skrúfuðu svörtu stáli, nema í sal þær lagnir eru úr PPr. Gólfhitalagnir eru úr PP eða PPr. Byggingin verður tengd hitaveitu og stofnlagnir verða einangraðar.
Öll rými í þjónustubyggingunni verða hituð með gólfhita sem verður tengdur hitaveitu með uppblöndun.
Íþróttasalur er hitaður með gólfhita.
Snjóbræðsla verður við aðalinngang byggingarinnar, gangsvæði sunnan íþróttahúss og á bílastæði fyrir hreyfihamlaða.
Ef lóðarhafi óskar eftir því að setja snjóbræðslu í götu á bæjarlandi að bílastæðum sínum innan lóðar ber lóðarhafi allan kostnað af því og snjóbræðsla verði tengd við byggingu Dalsmára 13. Lóðarhafi ber einnig kostað af uppsetningu og rekstri snjóbræðslu.

Neysluvatnslagnir
Stofnlagnir eru úr ryðfríu stáli eða plasti, greinalagnir að tækjum eru úr plastefni.
Neysluvatnskerfi er upphitað kalt vatn á varmaskipti.
Heitt vatn er með hringrás til að tryggja að ákvæði byggingarreglugerðar séu uppfyllt. Neysluvatn frá töppunarstöðum mun ekki fara yfir 43°C eins og byggingarreglugerð gerir ráð fyrir. Allar neysluvatnslagnir eru einangraðar með hólkum og innveggjaeinangrun.

Frárennslislagnir
Lagnir undir botnplötu og á lóð eru úr PVC, stofn- og greinalagnir innanhúss eru úr hljóðeinangrandi PP plasti. Tengingar að tækjum innan rýma eru einnig úr PP.
Frárennsli frá byggingunni er leitt í veitukerfi úti í götu.
Regnvatn af þaki og ákveðnum svæðum utanhúss er leitt niður í jarðveg á svæðinu.

Loftræsing
Öll hönnun er í samræmi við og mun uppfylla kröfur byggingarreglugerðar nr. 112/2012.
Vélræn loftræsing, innblástur og útsog, er í íþróttasal.

Raflagnir
Raflagnir í bygginguna eru hefðbundnar. Þær skulu vera samkvæmt IST 200 (Raflagnir bygginga) og uppfylli allar öryggiskröfur og um leið sértækar öryggiskröfur skv. reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2009.
Allt raflagnaefni og rafmagnstæki skulu vera CE-vottuð m.ö.o. framleiðandi, innflytjandi og dreifingaraðili vörunnar ábyrgjast að hún uppfylli þær grunnkröfur um öryggi sem tilskipanir Evrópusambandsins kveða á um.
Raflagnaefni og rafbúnaður byggingarinnar sé löglega markaðsfærð á Íslandi, þ.e. prófað af prófunarstofnun sem Neytendastofa viðurkennir og uppfyllir jafnframt ákvæði um rafsegulsviðssamhæfi (EMC).
Lagnaleiðir eru að mestu utanáliggjandi netbakkar/strengjastigar og pípur fyrir ofan niðurtekinn loft og að búnaði. Lýsing í húsinu verður með LED ljósgjöfum með löngum endingartíma ljósgjafa og lampa. Lýsingu er stjórnað með Dali búnaði eða sambærilegt.
Lýsing er utandyra við göngustíga og bílastæði.
Neyðarlýsingarkerfið er samkvæmt brunatæknilegri hönnun hússins og miðað er við miðlægt kerfi sem vaktar ljósgjafa.
Brunaviðvörunarkerfi mun tengjast inná núverandi kerfi.
Í byggingunni eru ýmis fjarskiptakerfi, svo sem tölvulagnir, símalagnir, öryggiskerfi, myndavélakerfi og hljóðkerfi.

Hljóðvist
Byggingin er hönnuð með tilliti til byggingarreglugerðar sem vísar í hljóðkröfur í staðli ÍST45:2016. Hannað er samkvæmt hljóðflokki C fyrir íþróttamannvirki og eru stoðrými hússins einnig tekin fyrir eins og við á.

Frágangur lóðar
Aðkoma bifreiða að lóðinni er frá Dalsmára. Næst húsi eru 15 bílastæði, þar af er eitt fyrir hreyfihamlaða. Þar er einnig gert ráð fyrir aðkomu neyðarbíla.
Gönguleið er meðfram suðurhlið húss og tengist aðalinngang hússins að vestanverðu. Þaðan eru greiðar gönguleiðir að stígakerfi bæjarins beggja megin við húsið, sem tengist dalnum og aðliggjandi bílastæðum. Vegna bratta að húsi þá hefur aðalstíg sunnan við hús verið hliðrað til þess að mæta sem best hæðaraðlögun lands. Við aðalinngang eru staðsettir hjólabogar og þar sunnan við skapast lítið torgrými.
Við austurhlið hússins er leiksvæði sem er á bæjarlandi.
Norðan við húsið er gert ráð fyrir aðgengi milli húsa niður tröppur og þar verður dvalarsvæði.
Annars er áhersla á að svæðið fái grænt yfirbragð með graslögðum brekkum og gróðursetningu í þyrpingar til þess að skapa hlýleika.

Göngustígar, bílastæði og annað sem sýnt er utan lóðar á bæjarlandi á uppdrætti og yfirlitsmynd lóðar er einungis leiðbeinandi. Nánari útfærsla og frágangur er ákveðið af Kópavogsbæ.

Klára þarf allan frágang húss, bílastæða, lóðar og uppfylla kvaðir um trjágróður og frágang austan núverandi byggingu að Dalsmára 13 samhliða því að nýja byggingin sé tekin í notkun. Lóðarhafi ber kostnað að framkvæmd vegna kvaðar um trjágróður og frágang austan núverandi byggingar að Dalsmára 13.

Áhersla á að svæðið fái grænt yfirbragð með graslögðum lóðarfrágangi og gróðursetningu trjáa austan megin við byggingarnar, sunnan og norðan við brú. Flái austan við núverandi byggingu mun vera þökulagður og tré gróðursett í hallann. Fyllt verður að nýju byggingunni að austanverðu svo ekki myndast flái á lóð. Leiksvæði á dvalarsvæði milli núverandi byggingar og nýrrar byggingar verði hannað af þeim sem þekkja til strangra krafna hvað þau varðar.

Algild hönnun
Byggingin miðast við kröfur algildrar hönnunar. Hindrunarlaus umferðarbreidd og hæð inngangs-/útidyra er a.m.k. 0,83m x 2,07m. Hindrunarlaus umferðarbreidd og hæð innihurða er a.m.k. 0,80m x 2,00m

Meðhöndlun sorps og meðferð hættulegra efna
Tilfallandi almennt sorp frá starfsemi verður flokkað og meðhöndlað í flokkunagáma sem eru til staðar á lóð, komið fyrir í köldum sorpgeymslum á suðurhlið húss. Ekki er um notkun hættulegra efna í húsinu að ræða.

Brunavarnir
Brunavarnir eru samkvæmt greinargerð ÖRUGG verkfræðistofu dags. 17.2.2025. Brunahönnun nær til padelhallar ásamt tengigangs yfir í eldri tennishöll, brunahönnun eldra húss er skv. greinargerð Eflu nr. 1899-003-55-SKY-001-V02.

Notkunarskilmálar vegna brunavarna
Íþróttahús í notkunarflokki 2 ætluð fyrir padeliðkun. Aðstaða er fyrir 24 spilara, hámarksfjöldi í húsinu er áætlaður undir 100 manns.

Brunaviðvörun
Í húsinu verður sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi tengt viðurkenndri vaktstöð skv. leiðbeiningum HMS og ÍST EN 54. Um er að ræða stækkun á kerfinu sem þegar er í húsinu. Stjórnstöð verður við inngang núverandi tennishallar.

Handslökkvibúnaður
Handslökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3 og slöngukefli skv. ÍST EN 671. Staðsetning handslökkvibúnaðar er sýndur á aðaluppdráttum. Við útgang verður eitt 30 metra slöngukefli sem þjónar setusvæði, á göngum við padelvelli verða léttvatnsslökkvitæki með slökkvigetu a.m.k. 27A og 183B.

Neyðarlýsing og leiðarmerkingar
Í byggingunni skulu leiðarmerkingar og neyðarlýsing vera skv. leiðbeiningum HMS, ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172. Neyðarlýsing á skilgreindum flóttaleiðum og göngum verður 1 lúx en 0,5 lúx á padelvöllum. Við handslökkvibúnað og rennihurðir í flóttaleið skal neyðarlýsing vera 5 lúx.

Reyklosun
Í þaki hússins verða tvær reyklúgur, innloft kemur um rennihurðir í útvegg sem slökkvilið opnar handvirkt. Rofi til virkjunar á reykræsingu skal vera við aðkomu slökkviliðs. Sjá nánar brunahönnun.

Rýming við eldsvoða
Flóttaleiðir eru sýndar á aðaluppdráttum og leiðamerkingar með ÚT merkingum. Vellir eru opnir og flóttaleið fær í gegnum þá og að rennihurðum í útvegg sem skulu auðopnanlegar með aflæsingu í einu handtaki og handvirkri opnun. Önnur flóttaleið er um ganga og að aðalinngangi þaðan sem hægt er að komast beint út frá tengigangi eða inn í núverandi tennishöll þaðan sem eru margir útgangar.

Klæðningar
Flokkun klæðninga er skv. ÍST EN 13501-1. Klæðningar innanhúss verða lágmark ∫t10 B-s1, d0 (flokkur 1). Gólfefni á völlum (gervigras) verða án brunavottunar en fjallað er um þau sérstaklega í brunahönnun.
Útveggir verða klæddir með stálsamlokueiningum með steinullareinangrun í flokki A2-s1,d0. Þak verður lagt torfi sem gerð er sérstök grein fyrir í brunahönnun.

Brunahólfun
Húsið myndar eitt brunahólf, með EW30-CS200 hurðum að tengigöngum sem liggja að núverandi byggingu.

Aðkoma og aðgerðir slökkviliðs
Viðbragðstími slökkviliðs er 10 mínútur skv. brunavarnaáætlun SHS. Slökkvivatnsþörf Tennishallarinnar eykst ekki með tilkoma padelhússins.

Burðarvirki við bruna
Meginburðarvirki hússins verða úr óvörðu stáli, sýnt er fram á öryggi með útreikningum í brunahönnun. Göngubrú skal vera R60.

Viðhald brunavarna
Skylt er að gera þjónustusamning við viðurkenndan aðila um viðhald og eftirlit á brunaviðvörunarkerfi og handslökkvibúnaði. Brunavarnir hússins munu falla undir eftirlit og þjónustusamninga núverandi byggingar.

Heildarstærð byggingarinnar í m² og m³ (brúttóstærð), sbr. ÍST 50
Brúttó flötur: Brúttó rúmmál:


Botnplata:		339.0 m³
A rými		
1. hæð:	1.748,7m²	15.968,3m³
B rými		
1.hæð:	81.7m²	
Samtals	1.830,4m²	Samtals: 16.307,3m³

Stærð lóðar
Lóð: 7.843m²
Nýtingarhlutfall: 0,23
Fjöldi bílastæða (þar af f. hreyfihamlaða) - bílastæðabókhald
15 stæði eru við íþróttahúsið, þar af 1 fyrir hreyfihamlaða.
15 hjólastæði eru við íþróttahúsið.


Varmatapsútreikningar

Útveggir (samlokueiningar)	0,28 W/m²K
Útveggir, að jarðvegi	0,39 W/m²K
Gluggar 1)	0,79 W/m²K
Hurðir	0,79 W/m²K
U gildi gluggagerja:	
fast gler	1,1 W/m²K
opnanlegt fag	0,79 W/m²K
Trapizuþak	0,29 W/m²K
Gólf á fyllingu (m.gólfhita)	0,25 W/m²K
Gólf að útilofti	0,25 W/m²

Heildar varmatap á fermetra húss 0,99 W/m²K



AFSTÖÐUMYND
1 : 500













breytingar:

Verkheiti:
DALSMÁRI 13

Hannað af:	EH, RP, MM	**Mælikvarði:**	1 : 500
Teiknað af:	EH, RP, MM	**Dagsetning:**	04.04.2025

Arkitekt:

○ Ellert Hreinsson	arkitekt	kt. 121086-2129
○ Rebekka Pétursdóttir	arkitekt	kt. 191087-2249

Samþykkt:

FORMER ARKITEKTAR
FORMER ehf
Súðarvogi 18
104 Reykjavík
+354 565 5060
former@former.is

AÐALUPPDRÆTTIR
1.00
teikning breyting
ALMENNAR SKÝRINGAR

HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI

Blaðstærð: A1



Grunnmynd, 1. hæð
1 : 100

skýringar:

K: 0,00	Táknar gólfkóta, hæð á grunnmynd
K: 0,00	Táknar kóta, hæð á sniði
LR	Táknar loftræsingu
GN	Táknar gólfniðurfall
ÞN	Táknar þakniðurfall
0101	Táknar rýmisnúmer
EI60	Táknar brunamótstöðu byggingarhluta (heilleiki og einangrun) í mínútum
R60	Táknar brunamótstöðu burðarvirkis í mínútum
EI-CS30	Táknar brunamótstaða burðar í mínútum. S táknar reykþéttingu C táknar sjálflokandi
R	Táknar reykskynjara
BO	Táknar björgunarop
SLT	Táknar slökkvitæki
RL	Táknar reyklúgu

breytingar:

Verkheiti:
DALSMÁRI 13

Hannað af:	EH, RP, MM	**Mælikvarði:**	As indicated
Teiknað af:	EH, RP, MM	**Dagsetning:**	04.04.2025

Arkitekt:

Ellert Hreinsson	arkitekt	kt. 121086-2129
Rebekka Pétursdóttir	arkitekt	kt. 191087-2249

Samþykkt:

FORMER ehf
Súðarvogi 18
104 Reykjavík
+354 565 5060
former@former.is


AÐALUPPDRÆTTIR

1.01
teikning breyting

GRUNNMYND, 1. HÆÐ

HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI

Blaðstærð: A1



Grunnmynd, 2. hæð
1 : 100

skýringar:

K: 0,00	Táknar gólfkóta, hæð á grunnmynd
K: 0,00	Táknar kóta, hæð á sniði
LR	Táknar loftræsingu
GN	Táknar gólfniðurfall
ÞN	Táknar þakniðurfall
0101	Táknar rýmisnúmer
EI60	Táknar brunamótstöðu byggingarhluta (heilleiki og einangrun) í mínútum
R60	Táknar brunamótstöðu burðarvirkis í mínútum
EI-CS30	Táknar brunamótstaða hurðar í mínútum. S táknar reykþéttingu C táknar sjálflokandi
R	Táknar reykskynjara
BO	Táknar björgunarop
SLT	Táknar slökkvitæki
RL	Táknar reyklúgu

breytingar:

Verkheiti:
DALSMÁRI 13

Hannað af:	EH, RP, MM	**Mælikvarði:**	As indicated
Teiknað af:	EH, RP, MM	**Dagsetning:**	04.04.2025

Arkitekt:

○ Ellert Hreinsson	arkitekt	kt. 121086-2129
○ Rebekka Pétursdóttir	arkitekt	kt. 191087-2249

Samþykkt:

FORMER ehf
Súðarvogi 18
104 Reykjavík
+354 565 5060
former@former.is

AÐALUPPDRÆTTIR


1.02

teikning breyting


GRUNNMYND, 2. HÆÐ

HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI

Blaðstærð: A1



ÚTLIT - AUSTUR
1 : 100



ÚTLIT - VESTUR
1 : 100

skýringar:

K: 0,00	Táknar gólfkóta, hæð á grunnmynd
K: 0,00	Táknar kóta, hæð á sniði
LR	Táknar loftræsingu
GN	Táknar gólfniðurfall
ÞN	Táknar þakniðurfall
0101	Táknar rýmisnúmer
EI60	Táknar brunamótstöðu byggingarhluta (heilleiki og einangrun) í mínútum
R60	Táknar brunamótstöðu burðarvirkis í mínútum
EI-CS30	Táknar brunamótstaða hurðar í mínútum. S táknar reykþéttingu C táknar sjálflokandi
R	Táknar reykskynjara
BO	Táknar björgunarop
SLT	Táknar slökkvitæki
RL	Táknar reyklúgu

breytingar:

Verkheiti:
DALSMÁRI 13

Hannað af:	EH, RP, MM	**Mælikvarði:**	As indicated
Teiknað af:	EH, RP, MM	**Dagsetning:**	04.04.2025

Arkitekt:

Ellert Hreinsson	arkitekt	kt. 121086-2129
Rebekka Pétursdóttir	arkitekt	kt. 191087-2249

Samþykkt:

FORMER ARKITEKTAR
FORMER ehf
Suðurvogi 18
104 Reykjavík
+354 565 5060
former@former.is


AÐALUPPDRÆTTIR

1.03
teikning breyting


ÚTLIT

HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI

Blaðstærð: A1



ÚTLIT - NORÐUR
1 : 100



ÚTLIT - SUÐUR
1 : 100

skýringar:

K: 0,00	Táknar gólfkóta, hæð á grunnmynd
K: 0,00	Táknar kóta, hæð á sniði
LR	Táknar loftræsingu
GN	Táknar gólfniðurfall
ÞN	Táknar þakniðurfall
0101	Táknar rýmisnúmer
EI60	Táknar brunamótstöðu byggingarhluta (heilleiki og einangrun) í mínútum
R60	Táknar brunamótstöðu burðarvirkis í mínútum
EI-CS30	Táknar brunamótstaða hurðar í mínútum. S táknar reykþéttingu C táknar sjálflokandi
R	Táknar reykskynjara
BO	Táknar björgunarop
SLT	Táknar slökkvitæki
RL	Táknar reyklúgu

breytingar:

Verkheiti:
DALSMÁRI 13

Hannað af:	EH, RP, MM	**Mælikvarði:**	As indicated
Teiknað af:	EH, RP, MM	**Dagsetning:**	04.04.2025

Arkitekt:

Ellert Hreinsson	arkitekt	kt. 121086-2129
Rebekka Pétursdóttir	arkitekt	kt. 191087-2249

Samþykkt:

FORMER ehf
Suðurvogi 18
104 Reykjavík
+354 565 5060
former@former.is


AÐALUPPDRÆTTIR

1.04
teikning breyting


ÚTLIT

HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI


Blaðstærð: A1



SNIÐ A-A
1 : 100



SNIÐ B-B
1 : 100



SNIÐ C-C
1 : 100

skýringar:

K: 0,00	Táknar gólfkóta, hæð á grunnmynd
K: 0,00	Táknar kóta, hæð á sniði
LR	Táknar loftræsingu
GN	Táknar gólfniðurfall
ÞN	Táknar þakniðurfall
0101	Táknar rýmisnúmer
EI60	Táknar brunamótstöðu byggingarhluta (heilleiki og einangrun) í mínútum
R60	Táknar brunamótstöðu burðarvirkis í mínútum
EI-CS30	Táknar brunamótstaða hurðar í mínútum. S táknar reykþéttingu C táknar sjálflokandi
R	Táknar reykskynjara
BO	Táknar björgunarop
SLT	Táknar slökkvitæki
RL	Táknar reyklúgu

breytingar:

Verkheiti:
DALSMÁRI 13

Hannað af:	EH, RP, MM	**Mælikvarði:**	As indicated
Teiknað af:	EH, RP, MM	**Dagsetning:**	04.04.2025

Arkitekt:

○ Ellert Hreinsson	arkitekt	kt. 121086-2129
○ Rebekka Pétursdóttir	arkitekt	kt. 191087-2249

Samþykkt:

FORMER ARKITEKTAR
FORMER ehf
Suðarvogi 18
104 Reykjavík
+354 565 5060
former@former.is

AÐALUPPDRÆTTIR

1.05
teikning breyting
SNIÐ

Blaðstærð: A1

HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI

Byggingu skjal að jafnaði skrá sem einn matshluta. Undantekning frá þeirri reglu er þegar byggingarfræðileg rök mæla með sjálfstæðri skráningu s.s. burðarvirki eða byggingarlag, enda geti hún staðið sjálfstæð samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar.

Skráningartafla: Dalsmári 13, 200 Kópavogi, Tennishöllin

Reikna

Landeignanúmer: L174786 — Staðgreinir: STF1087928
Matshlutanúmer: 03
Fjöldi matshluta á landeign: 3
Skrásetjari: Páll R Valdimarsson
Kennitala: 210363-2549
Dags.: 10/03/2025

Reikningi lokið

ATH. Að villutékka vinnublað í einingar áður en það er reiknað

Brúttóflötur:	1,748.7	m²
Brúttó rúmmál:	16,307.3	m³
Birt flatarmál:	1,748.7	m²
Skiptarúmmál:	14,091.093	m³

Leiðbeiningar

Útgáfa: 5.03

© 2023 Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Borgartúni 21, 105 Reykjavík.

Skráningartafla: Dalsmári 13, 200 Kópavogi, Tennishöllin — **Skrásetjari:** Páll R Valdimarsson
Landeignanúmer: L174786 — **Kennitala:** 210363-2549
Matshlutanúmer: 03 — Útgáfa: 5.03 — **Dags.:** 10/03/2025

		Botnplata		**Hjúpfletir**					
					Þar af:		Þar af:		
	Lóð m²	Botnplata m³	Botnplata m²	Útveggir m²	Glugga- og dyraop m²	Þak m²	Þakgluggar og þakop m²	Efsti hæðarkóti	Ummál ofanjarðar
Matshluti	7843.0	339.0	1,694.9	1,590.4	383.0	1,670.5		15.3	164.2

Yfirlit	D5 Botnflötur m²	D5M milliflötur m²	D7 op m²	D8 Brúttóflötur m² með V og F	D9 Brúttóflötur undir 1,8 m með V og F	D11 Brúttórúmmál m³	D12 Nettóflötur m²	D13 birt flatarmál m²
A rými	1,663.7	85.0		1,748.7		15,968.3	1,541.1	1,748.7
Svalir A lokun								
B rými	81.7			81.7				
C rými								
Fylgirými (F)								
Afgangsrými (V)								
Botnplata						339.0		
Samtals:	**1,745.4**	**85.0**	**0.0**	**1,830.4**	**0.0**	**16,307.3**	**1,541.1**	**1,748.7**

Flatarmál nýtingarhlutfalls er A rými + B rými, undanskilið er brúttóflatarmál rýma með salarhæð lægri en 1,8 m, samkvæmt skipulagsreglugerð 2013 (breyting var gerð 2016). Notkun rýma hefur ekki áhrif á útreikning nýtingarhlutfalls.

	m²	Lóð m²	Hlutfall
Flatarmál til útreiknings nýtingarhlutfalls	**1,830.4**	**7,843.0**	**0.23**

Skráningartafla: Dalsmári 13, 200 Kópavogi, Tennishöllin — **Skrásetjari:** Páll R Valdimarsson
Landeignanúmer: L174786 — **Kennitala:** 210363-2549
Matshlutanúmer: 03 — Útgáfa: 5.03 — **Dags.:** 10/03/2025

Uppskipting og lýsing — **Stærðir**

D0	D1	D2	D3	D4	D5	D5M	D6	D7	D8	D9	D10a	D10b	D11	D12	D13	D14	D15
Lokun	Rými hæð-röð	Notkun texti	Höfuð-flokkun	Eignar-hald	Botnflötur m²	Milliflötur m²	Stigar m²	Op m²	Brúttóflötur m²	Brúttóflötur sh < 1,8	Salarhæð min	Salarhæð max	Brúttó rúmmál m³	Nettóflötur m²	Birt flatarmál m²	Reiknitala skiptarúmmáls	Skipta-rúmmál m³
		Matshluti			1,663.7	85.0	0.0	0.0	1,748.7	0.0			16,307.3	1,541.1	1,748.7		14,091.093
		Botn											339.0				
	01	**1. hæð**			1,663.7	85.0	0.0	0.0	1,748.7	0.0			15,968.3	1,541.1	1,748.7		
A	0101	**Setsvæði/tennisvellir**	N	0101	1,663.7				1,663.7		3.23	9.90	15,391.1	1,474.4	1,663.7	9.25	13,638.200
A	0102	**Gangur**	U	0101		85.0			85.0		6.79	6.79	577.2	66.7	85.0	6.79	452.893
B	0103	**Þak yfir anddyri**	U	0101	31.2				31.2		6.50	6.50	202.8				
B	0104	**Glerskýlður tengigangur**	U	0101	50.5				50.5		3.27	3.27	165.1				

Athugasemdir

Einangrun í þaki er tekin með í min og max salarhæð
má l sem ekki eru á teikningu eru mæld í teikniforriti

Skiptarúmmál

	Eignar-hald	Notkun texti	Birt flatarmál m²	Séreign m³ án sameignar	Séreign og sameign m³
	0101	**Setsvæði/tennisvellir**	1,748.7	14,091.093	14,091.093
		Alls	**1,748.7**	14,091.093	**14,091.093**

	Botnplata		**Hjúpfletir**					
				Þar af:		Þar af:		
	Lóð m²	Botnplata m³	Botnplata m²	Útveggir m²	Glugga- og dyraop m²	Þak m²	Þakgluggar og þakop m²	Efsti hæðarkóti	Ummál ofanjarðar
Matshluti	7843.0	339.0	1,694.9	1,590.4	383.0	1,670.5		15.3	164.2

Yfirlit	D5 Botnflötur m²	D5M milliflötur m²	D7 op m²	D8 Brúttóflötur m² með V og F	D9 Brúttóflötur undir 1,8 m með V og F	D11 Brúttórúmmál m³	D12 Nettóflötur m²	D13 birt flatarmál m²
A rými	1,663.7	85.0		1,748.7		15,968.3	1,541.1	1,748.7
Svalir A lokun								
B rými	81.7			81.7				
C rými								
Fylgirými (F)								
Afgangsrými (V)								
Botnplata						339.0		
Samtals:	**1,745.4**	**85.0**	**0.0**	**1,830.4**	**0.0**	**16,307.3**	**1,541.1**	**1,748.7**

Flatarmál nýtingarhlutfalls er A rými + B rými, undanskilið er brúttóflatarmál rýma með salarhæð lægri en 1,8 m, samkvæmt skipulagsreglugerð 2013 (breyting var gerð 2016). Notkun rýma hefur ekki áhrif á útreikning nýtingarhlutfalls.

	m²	Lóð m²	Hlutfall
Flatarmál til útreiknings nýtingarhlutfalls	**1,830.4**	**7,843.0**	**0.23**

breytingar:

Verkheiti:
DALSMÁRI 13

Hannað af:	EH, RP, MM	**Mælikvarði:**	
Teiknað af:	EH, RP, MM	**Dagsetning:**	04.04.2025

Arkitekt:

Ellert Hreinsson	arkitekt	kt. 121086-2129
Rebekka Pétursdóttir	arkitekt	kt. 191087-2249

Samþykkt:

FORMER ARKITEKTAR
FORMER ehf
Súðarvogi 18
104 Reykjavík
+354 565 5060
former@former.is

AÐALUPPDRÆTTIR

1.06
teikning breyting

SKRÁNINGARTAFLA

HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI

Blaðstærð: A1









breytingar:

Verkheiti:

DALSMÁRI 13

Hannað af:	EH, RP, MM	**Mælikvarði:**	
Teiknað af:	EH, MM	**Dagsetning:**	04.04.2025

Arkitekt:

○ Ellert Hreinsson	arkitekt	kt. 121086-2129
○ Rebekka Pétursdóttir	arkitekt	kt. 191087-2249

Samþykkt:

TEIKNING Í VINNSLU

N

FORMER ARKITEKTAR
FORMER ehf
Súðarvogi 18
104 Reykjavík
+354 565 5060
former@former.is

AÐALUPPDRÆTTIR

1.09

teikning breyting

ÞRÍVÍDD

HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI

Blaðstærð: A1

DALSMÁRI 13

DALSMÁRI 13

DALSMÁRI 13

GK 8.63 2.hæð

GK 5.35 1.hæð

X = -20272.60
Y = 13466.99

X = -20263.21
Y = 13418.69

X = -20222.42
Y = 13426.62

X = -20212.60
Y = 13428.57

N

gróðurbeð

ærslabelgur

LEIKSVÆÐI

leiktæki

hjól

gönguleiðatenging við leiksvæði

stígur einungis leiðbeinandi

aðalinngangur

aðkoma

15 hjólastæði

Torg

eldri lóðarmörk

ný lóðarmörk

malbik

núverandi malarbílastæði

núverandi stígur

innkeyrsla bílastæði

gróður

leikvöllur í brekkunni

handlisti meðfram tröppum

leiksvæði

áhorfendakofi

gervigras

útileiktæki

steyptur veggur

grjótgarður

hellur

kantsteinn

gegndræpar hellur

aðkoma nefbarðila

stæði f.hreyfihamlaða

tröppur

handlisti með tröppum

malarbílastæði

Skýringar

- Ný lóðarmörk
- Lóðarmörk frá Kópavogsbæ (mæliblað 13.09.2017)
- Almenn bílastæði
- Bílastæði hreyfihamlaðra
- (9,35) Núverandi hæðir
- 9,35 Nýjar hæðir
- Gróður
- Gras
- Malbik
- Reiðhjólagrindur
- Setbekkur
- Hellur
- Niðurfall
- Hellur með grasfúgu gegndræpt yfirborð
- Möl
- Sérvaldir steinar
- Rennusteinn
- Kantsteinn

Meters 5 0 5 10

1:200

Loftmynd drónamynd með hæðum gerð af EFLU 24.02.2025.

Hnitakerfi er Reykjavíkurhnit.

Öll mál eru í mm.

ÚTG.	DAGS.	ÚTGÁFUFERILL	HANNAÐ	TEIKN.	YFIRF.

EFLA

TENNISHÖLLIN Kópavogi

VERKNÚMER		HANNAÐ:	PJ/BG
		TEIKNAÐ:	BG
VERKNÚMER		YFIRFARIÐ:	PJ
		MÆLT:	
		SAMÞ.	

DAGS.	MÆLIKVARÐI	BLAÐSTÆRÐ
02.04.2025	1:200	A1

Tennishöllin Kópavogi

Dalsmári 13, 201 Kópavogi
LANDSLAGSHÖNNUN

TEIKNINGA NÚMER: O101

YFIRLITSMYND
Lóð með loftmynd

ÚTGÁFA

O:\TT\Tennishöllin Kóp_ 11220575\ Landslagshönnun\09_Teikningar\03 Grunnteikningar\Vinnuteikningar\11220S-GRM-I gild9.dwg

Skal sott af 00000000 dags: 11.11.2026

DALSMÁRI 13

DALSMÁRI 13

DALSMÁRI 13

GK 8.63 2.hæð
GK 5.35 1.hæð
X = -20272.60
Y = 13466.99

X = -20332.98
Y = 13455.25

GK 5.35 1.hæð

GK 8.63 2.hæð

aðalinngangur

15 hjólastæði

aðkoma

Torg

núverandi stígur

stígur einungis leiðbeinandi

stígur einungis leiðbeinandi

stígur einungis leiðbeinandi

stígur einungis leiðbeinandi

eldri lóðarmörk

ný lóðarmörk

X = -20222.42
Y = 13426.62

X = -20212.60
Y = 13428.53

X = -20263.21
Y = 13418.69

malbik

3.5% halli

19% halli

9.6% halli

innkeyrsla bílastæði

núverandi malarbílastæði

gróðurbeð

ærslabelgur

LEIKSVÆÐI

leiktæki

hjól

gönguleiðatenging við leiksvæði

leikvöllur í hreyfiumh.

handlista meðfram tröppum

tröppur

leikvöllur

aðkoma hreyfihamlaðra

aðkoma neyðarbíla

stæði f.hreyfihamlaða

aðfangavegur útandyra

gervigras

áhorfendakofi

hellur

kantsteinn

gegndræpar hellur

grasfúga

hellulögn

10 cm handlista meðfram stétt

110 cm handlista meðfram stétt

Meters
5 0 5 10
1:200

Skýringar
- Ný lóðarmörk
- Lóðarmörk frá Kópavogsbæ (mæliblað 13.09.2017)
- Almenn bílastæði
- Bílastæði hreyfihamlaðra
- (9,35) Núverandi hæðir
- 9,35 Nýjar hæðir
- Gróður
- Gras
- Malbik
- Reiðhjólagrindur
- Setbekkur
- Hellur
- Niðurfall
- Hellur með grasfúgu gegndræp
- Möl
- Sérvaldir steinar
- Rennusteinn
- Kantsteinn

Loftmynd drónamynd með hæðum gerð af EFLU 24.02.2025.

Hnitakerfi er Reykjavíkurhnit.

Öll mál eru í mm.

ÚTG.	DAGS.	ÚTGÁFUFERILL	HANNAÐ	TEIKN.	YFIRF.

EFLA

TENNISHÖLLIN Kópavogi

VERKNÚMER		HANNAÐ:	PJ/BG
		TEIKNAÐ:	BG
VERKNÚMER		YFIRFARIÐ:	PJ
		MÆLT:	
		SAMÞ:	

DAGS.	MÆLIKVARÐI	BLAÐSTÆRÐ
02.04.2025	1:200	A1

Tennishöllin Kópavogi
Dalsmári 13, 201 Kópavogi
LANDSLAGSHÖNNUN

YFIRLITSMYND
Lóð án loftmyndar

TEIKNINGA NÚMER: O102

ÚTGÁFA

O:\TT\Tennishöllinn kóA_ 112005\75 Landslagshönnun\09_Teikningar\03 Grunnteikningar\Vinnuteikningar\112005-GRM-LglO9.dwg

Skal sott af 0000000000 dags. 11.11.2026